

# SAMÞYKKTIR

## FYRIR

### LANDSKERFI BÓKASAFNA HF.

#### 1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess Landskerfi bókasafna hf.

#### 2. gr.

Heimilisfang félagsins er Katrínartún 4, 105 Reykjavík.

#### 3. gr.

Tilgangur félagsins er að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi og veita þeim tengda sérfræðipjónustu.

Hugsanlegum hagnaði af starfsemi félagsins skal að jafnaði varið til uppbyggingar og eflingar félagsins sjálfs en ekki greiddur hluthöfum árlega út sem arður. Við félagslit skulu eignir félagsins þó skiptast með hluthöfum að tiltölu við hlutafjáreign.

#### 4. gr.

Hlutfé félagsins er kr. 147.608.530 og greinist það í einnar krónu hluti eða það margfeldi af einni krónu, sem hver hluthafi á í félaginu á hverjum tíma. Heimilt er að sameina hluti í einu hlutabréfi og skipta einu hlutabréfi í önnur minni.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé þess um allt að kr. 3.866.890 – þrjúmilljónir áttahundruðsextíuogsexþúsundáttahundruðogníutíu – með áskrift nýrra hluta. Hluthafar skulu ekki eiga forgangsrétt til áskriftar að þessum nýju hlutum heldur skal stjórn félagsins leitast við að fjölga hluthöfum þess. Þó má selja núverandi hluthöfum nýjan hlut í þeim tilvikum þar sem hluthafinn er sveitarfélag sem sameinast hefur sveitarfélagi sem ekki átti hlut áður. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunar. Stjórn félagsins skal ákveða útboðsgengi, greiðsluskilmála og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Heimild stjórnar félagsins til hlutafjárhækkunar samkvæmt þessum ákvæðum fellur niður í apríllök 2030 að því marki sem hún þá enn kann að vera ónýtt.

Hlutir skulu hljóða á nafn.

## 5. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjäreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

## 6. gr.

Hlutabréf skulu tölusett og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

## 7. gr.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu hafa hluthafar forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna sem dómkvaddir skulu til þess starfa. Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þá mega eigi líða fleiri en þrjú mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt.

Eigendaskipti vegna erfða eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum.

Óheimilt er að veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis félagsstjórnar.

## 8. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

## 9. gr.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

## 10. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmaetra hluthafafunda.

## 11. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júní ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðanda, eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina hlutafélagaskrár skv. 87. gr. hfl.

#### 12. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, símskeyti, með tölvupósti eða á annan jafn sannanlegan hátt nema hluthafi hafi óskað eftir bréfglegri boðun. Aðalfundur skal boðaður með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafundur með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir fimmtungi hlutafjár í félaginu hið minnsta.

Hluthafafundur kys fundarstjóra og fundarritara.

#### 13. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

- a) að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
- b) að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum,
- c) að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti eða
- d) að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

## 14. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðandi.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap sbr. 3. gr. samþykktu þessara og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

## 15. gr.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

## 16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fjórum mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn.

Aðalfundur skal jafnframt kjósa tvo varamenn í stjórn til eins árs í senn og skal við það miðað að stjórnarmaður sem forfallast sjái til þess að varamaður sé boðaður á fundinn í hans stað. Skulu varamenn fá þóknun fyrir hvern fund sem þeir sækja sem nemur 2/3 af mánaðarþóknun almenns stjórnarmanns.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir tveggja stjórnarmanna skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

## 17. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 18. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum

og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

19. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa löggiltan endurskoðanda og einn til vara, eða endurskoðunarfirma sem endurskoðanda félagsins. Skal endurskoðandi rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

20. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

21. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

22. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum, sbr. 93. gr. hfl.

23. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

24. gr.

Þar sem ákvæði samþykta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins í Reykjavík þann 14. nóvember 2001, ásamt með breytingum sem gerðar voru á 2., 4. og 16. gr. á aðalfundi þess 28. júní 2002, á 2. gr. á aðalfundi 26. maí 2010, 3. gr. á aðalfundi 25. maí 2011, 4. gr. á aðalfundi 23. maí 2012, á 4. gr. þann 27. júní 2012, á 2. gr. á aðalfundi þann 24. maí 2013, á 4. gr. þann 10. janúar 2014, 10. september 2015, 21. mars 2017, 24. maí 2017, 25. júní 2019 og 11. júní 2020 á 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 12. gr. á aðalfundi 6. maí 2025.

F.h. stjórnar Landskerfis bókasafna hf.